

APRÍL-JÚNÍ 1939.

Norrænt samstarf, Íslendingar og aldaskiftin.

Eftir dr. Helga Peturss.

Raddir hafa heyrst um það, að tilraunirnar til norræns samstarfs séu ennþá mjög ófullmægjandi. Og það er enginn vafi á því, að sú aðfinning er réttimæt. Norðurlandaþjóðirnar njóta sín ekki til fulls fyr en þær verða mun betur samtaka en nú er, og þau samtök eru gerð á rétti undirstöðu. En sú undirstaða fæst ekki án hins rétta skilnings á sögu Norðurlandaþjóðanna og því hlutverki, sem hinu norræna kyni er ætlað að vinna fyrir framsókn alls mannkyns. Og þá fyrst og fremst hin miklu umskifti frá Helstefnu til Lífsstefnu.

Íslenzka þjóðin er svo lítil, og um marga hluti svo miklu síðri frændþjóðum sinum, að það hefur eðlilega gengið mjög illa að láta sér skiljast, að hennar hlutverk geti í þessum úrslitaefnum verið neitt sérstaklega þýðingarmikið.

Það sem segja þarf er í rauninni einfalt mál, og þarf ekki mjög margra orða við til að taka fram aðalatriðin. Ef mannkynið á að geta skift um frá Helstefnu til Lífsstefnu, þarf það að vaxa andlega fram yfir trúarbragðastigjóð. Ná til vísinda, þar sem áður hefur verið trú. Þetta þýðir vitanlega ekki, að líta beri á það sem vísindalegan sannleika, er áður hefur að eins verið átrúnaður. En því siður það, að hinn vísindalegi sannleikur sé á þá leið, að hinn ýmiskonar átrúnaður mannkynsins um aldaraðir, sé ekkert annað en barnalegar imyndanir og hafi ekki við neinn sannleik að styðjast.

Það sem þarf, er nýtt landnám í vísindum, í likingu við það sem oft hefur orðið áður, en aðeins miklu stórkostlegra. Heimurinn hefur verið numinn fyrir eðlisfræði og efnasfræði. Nú þarf að nema heiminn fyrir liffræðina. Og það er ekki of mikil úr þýðingu þess landnáms gert þó að sagt sé, að meðan liffræði eins mannkyns nær ekki út fyrir þess eigin hnött og

ekkert samband kemst á milli stjörnufræði og líffræði, geta visindi þess mannkyns aldrei orðið nema frumstað, að kalla ma, þegar miðað er við þær framfarir sem orðið gætu og þurfa að verða, ef mannkynið á að komast á örugga framfaraleið. Og vitanlega væri engin sanngirni í því að ætlast til að skáldin riði þar á vaðið, hversu ágæt skáld sem eru, og jafnvel ekki þó að um náttúrufræðilega mentað skáld sé að ræða, eins og H. G. Wells.

Viða hefur komið fram alveg réltur skilningur á því, að hið nýja landnám þarf umfram alt að verða í líffræði. En hins vegar hef ég ekki orðið var við neinn skilning á því, að það þarf um leið að vera landnám í stjörnufræði, svo að um ný visindi, stjörnulíffræði, geti orðið að ræða. Og þá hefur vitanlega ekki verið tekið eftir því eins og þurft hefði, að landnámi þetta er þegar hafið hér á Íslandi, hjá þeirri þjóð, sem ein hefur varðveitt samhengið i norrænni málþróun og um eitt leyti miðaldanna var andlega frjálsari en nokkur þjóð önnur. (Sbr. orð hins ágæta Keplers í riti, þar sem hann einmítt getur um Ísland: „et quod in his rebus maximi momenti est, libero animo.)

Því miður hafa íslenzkir visindamenn, einmítt þeir mennirnir, sem svo mikil reið á að samtaka gætu orðið að réttu marki, að mestu brugðist í þessum efnunum ennþá. Þeir hafa ekki verið nógu frjálshuga („libero animo“), ekki í nógu miklu samræmi við það sem hezt hefur verið um íslenzka fortíð, ekki nógu þjóðræknir.

Áhugaleysið á íslenzkum sannleik, hinu íslenzka landnámi í vísindum, kemur mjög fróðlega fram í nýri bók, sem ég hef verið að blaða í. Bókin heitir „Efnisheimurinn“ og er eftir Björn Franzson, sem á Þýzkalandi hefur stundað háskólanám í eðlisfræði. Bókin er gáfulega samin og gagnleg að ýmsu leyti, en þó of mjög undir áhrifum þessara Gyðingavisinda, sem svo mjög hefur verið látið af þessa síðustu áratugi. Mig furðar dálitið á því að mitt verk er ekki nefnt á nafn í bók þessari, þar sem þó ýms minn orð koma þar fyrir, og framsetningin ber þess nokkur merki, að höfundurinn hefur lesið summar mínar ritgerðir sér til gagns, enda svo mikill gáfumaður, að hann hefur einhverntima ritað um mig í þýzkt blað. En sú óbeina

yfirlýsing, sem gefin er í bókinni um, að ekki sé mark takandi á stjörnuliffræði minni, er ekki viturleg. Það er eftirtektarvert, að þó að Anaximander sé þarna nefndur, þá er þess ekki getið, sem kemur oss til að spyrja, hvort smillingur þessi muni ekki hafa vitrastur verið hinna grísku heimspekinga. Anaximander virðist hafa verið fyrsti höfundur jarðfræðinnar, og hann skildi glögt — fyrir nálega 2500 árum! — að mannkynið á ætt sina að rekja til dýranna. Hinn andlegi frændi Anaximanders. Lamarck, er ekki nefndur á nafn, og má þó ekki vera svo stutt yfirlit yfir sögu visindanna, að þess ágæta manns sé þar að engu getið. Höf. virðist hallast að þeirri alveg fráleitu firru, að lif likt því sem er hér á jörðu, sé sjaldgæft í alheimi. Jafnvel þó að ekki væri í hverri vetrarbraut nema einn hnöttur bygður vitverum, þá eru samt yfirgnæfandi likur til þess að tala slikra lífstöðva mundi nema biljónum biljóna, eða þó meira væri til tekið. Og tilganginn með lífinu getum vér glögt skilið.

Það sem oss riður mest á hér á jörðu í visindalegum efnunum er, eins og vikið var á, ekki fullkomnari (eða flóknari) hugmyndir um rúm og tíma, heldur hitt, að koma líffræðinni í samband við stjörnufræðina, skilja, að mannkynið er í svo miklum háska statt, að það er hin mesta fjarstæða að gera sér nokkrar vonir um, að það geti átt langa og glæsilega framtíð fyrir höndum, ef ekki er algerlega breytt um stefnu. En það verður ekki gert nema með því að uppgötva lífið á stjörnum og hvernig fullkomnara samband við lengra komnar en alveg eins náttúrlegar verur og vér erum hér á jörðu. Er hið eina sem getur komið oss á hina sönnu framfarabraut. Eða m. ö. o., valdið aldaskiftunum frá Helstefnu til Lífsstefnu.

Það er hlutverk hinnar norrænu mannættar að hafa forgönguna í þessum efnunum. Og er eftirtektarvert, hve einmitt visindaafrek hinna frægu Gyðinga eru fróðleg bending um, að þaðan er ekki forustunnar að vænta, þó að engum ætti að koma til hugar að neita Semítum, Aröbum og Gyðingum um framúrskarandi hæfileika, eigi einungis til trúarbragðamynjunar, heldur einnig í stærðfræðivisindum og fleiru.